

Flokkun og gallar

Taka þarf frá gallaða og skemmda ull og flokka á viðeigandi hátt.

Tafla yfir helstu galla í ull og í hvaða flokkum þeir eru leyfilegir

	H1H	H2H	H3H	H1L	H2L	MS/G/M	M2L	M2	H2V	HSnoð
Heymor	Nei	Lítið	Lítið	Nei	Lítið	Nei	Lítið	Lítið	Lítið	Lítið
Hagamor	Nei	Lítið	Lítið	Nei	Lítið	Nei	Lítið	Lítið	Lítið	Lítið
Húsagulka	Nei	Já	Já	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já	Já
Húsvistarskemmdir	Nei	Vægar	Já	Nei	Vægar	Nei	Já	Já	Já	Já
Hlandbruni	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Nei	Nei	Já	Já	Já
Mýrarrauði	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Já	Já	Nei	Nei
Blökk ull	Nei	Já	Já	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já	Já
Mjög gul ull	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Já	Já	Já
Dökk hár í hvítri ull	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	-	Já	Já	Já	Já
Sprey-lituð ull	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Nei
Þófin ull	Nei	Létt	Létt	Nei	Létt	Nei	Létt	Létt	Létt	Létt
Þófasneplar*	Nei	Litlir	Litlir	Nei	Nei	Nei	Nei	Litlir	Litlir	Nei
Kleprar	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Tvíreyfi	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Snoðkápa	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Hnakkahár	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Gæruull	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei

*Þófasneplar stærri en hálfur þumall og harðþófnir þófasneplar skulu fara í úrkast.

Gallar sem eru ekki leyfðir í neinum flokk í töflunni hér að ofan fara í úrkast. Ull með miklu heymori fer í úrkast. Harðir kleprar og þófar fara í úrkast. Harðþófin ull fer í úrkast.

Ef ekki er hægt að rífa reyfið auðveldlega í sundur milli handanna þá telst það ekki vinnsluhæf vara og skal fara í úrkast.